

122. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
3. 3. 2021 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hólmfríður Bryndís Prúðmarsdóttir, Sigurður Sigursveinsson, Gunnar Þór Jóhannesson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Bjarni Guðmundsson

FAS og ferðaþjónusta. Erindi frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu

Eyjólfur fór yfir þau verkefni sem skólinn er að vinna að um þessar mundir í tengslum við nám í ferðaþjónustu. Unnið er að gerð námskrár fyrir heildstætt nám í ferðaþjónustu, verkefnið er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skólinn hlaut einnig styrk frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir verkefni sem ætlað er að styðja við fyrirtæki í ferðaþjónustu til að nýta ládeyðu í starfsemi vegna Covid til þess að þróa starfsemi sína. Verkefnið tengir saman menntun, nýsköpun og rannsóknir. Metfjöldi nemenda stundar nú nám í fjallamennsku við skólann og sagði Eyjólfur frá því að vegna áhuga nemenda sé unnið að því að skapa vettvang fyrir áframhaldandi nám fyrir nemendur í fjallamenskunámi. Einn liður í því er fyrirlestraröð sem skólinn stendur fyrir um veður- og jöklafræði. Fram kom að fyrirlestrarnir eru teknir upp og verður þeim deilt á síðu skólans. Þá er unnið að því að skipuleggja móttöku nemendahópa á framhaldsskólaaldri sem koma í júlí í gegnum ferðaskrifstofu í Virginíu í Bandaríkjunum. Einnig kynnti Eyjólfur hugmynd um að gera Höfn að alþjóðlegri miðstöð jöklaferðamennsku með áherslu á menntun og rannsóknir.

Starf sviðsins. Erindi frá Skólaskrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Ragnhildur sagði frá helstu viðfangsefnum á sviði fræðslu- íþróttá- og tómstundamála í sveitarfélaginu.

Kynning á verkefninu Sustainable

Hugrún Harpa sagði frá verkefninu Sustainable sem er eitt af fjórum fjölþjóðlegu verkefnum setursins sem eru styrkt af Erasmus+. Hugrún fór yfir helstu verkþætti og áherslur verkefnisins.

Ársfundur Nýheima þekkingarseturs

Stjórn ræddi tímasetningu fundar og önnur formsatriði varðandi undirbúning fundar. Ákveðið að fundurinn verði haldinn fimmtudaginn 15. apríl klukkan 15:00.

Græn skref Nýheima

Hugrún Harpa greindi frá stöðu mála. Verið er að skoða leiðir til að vinna sameiginlega að innleiðingu Grænna skrefa í ríkirekstri fyrir stofnanir í Nýheimum. Hugmyndir eru um að vera einnig í samstarfi við skrifstofur Ráðhúss vegna innleiðingarinnar.

Önnur mál

Tæknimál á Nýtorgi voru til umræðu. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að hægt verði að streyma viðburðum á Nýtorgi án vandræða. Hugrún lagði til að málið yrði rætt í hópi húseigenda. Eyjólfur mun ræða málið við kerfisstjóra skólans og vinna að lausn málsins.

Hugrún Harpa sagði frá því að setrið sótti um styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurlands fyrir ráðstefnunni *Ungt fólk og heimsmarkmiðin*.

Hugrún greindi frá framvindu mála í verkefninu *Ævimenntun á Suðausturlandi*. Vinnuhópurinn átti góða fundi með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í febrúar. Fyrirhugaðir eru fleiri fundir til samráðs við tengda aðila samhliða því að unnið er að mótun og afmörkun verkefnisins.

Fundi slitið klukkan 9:45

Fyrir H. Eiríksd.

Hugrún Harpa Reynisd.